

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 109/2023

2023/EES/81/34

frá 28. apríl 2023

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka umfang samstarf aðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/126 frá 16. janúar 2019 um að koma á fót Evrópsku vinnuverndarstofnuninni (EU-OSHA) og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2062/94 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2019/126 fellir úr gildi reglugerð ráðsins (EB) nr. 2062/94 ⁽²⁾, sem er hluti af EES-samningnum og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn svo aukið samstarf geti hafist frá 1. janúar 2023.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 11. mgr. 5. gr. bókunar 31:

„a) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar (EU-OSHA), hér á eftir „stofnunin“, sem starfar samkvæmt eftirfarandi lagagerð Sambandsins:

- **32019 R 0126:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/126 frá 16. janúar 2019 um að koma á fót Evrópsku vinnuverndarstofnuninni (EU-OSHA) og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2062/94 (Stjtið. ESB L 30, 31.1.2019, bls. 58).

- b) EFTA-ríkin skulu taka þátt í kostnaði í tengslum við starfsemi sem um getur í a-lið í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við samninginn.
- c) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum stjórnarinnar og skulu innan hennar hafa sömu réttindi og skyldur og aðildarríki ESB, án atkvæðisréttar.
- d) Hugtakið „aðildarríki(n)“ og önnur hugtök sem vísa til opinberra stofnana þeirra í reglugerðinni ber að skilja þannig að þau taki, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni, til EFTA-ríkjanna og opinberra stofnana þeirra.
- e) Stofnunin er lögaðili. Hún skal njóta í öllum ríkjum samningsaðila ítrasta rétthæfis og gerhæfis lögaðila samkvæmt löggjöf samningsaðila.
- f) EFTA-ríkin skulu láta stofnunina og starfsfólk hennar njóta sérréttinda og friðhelgi með hliðstæðum hætti og kveðið er á um í Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins.
- g) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. og a-liðar 3. mgr. 82. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er forstjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 30, 31.1.2019, bls. 58.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 216, 20.8.1994, bls. 1.

- h) Þrátt fyrir ákvæði e-liðar 2. mgr. 12. gr., e-liðar 3. mgr. 82. gr. og 3. mgr. 85. gr. í ráðningarskilmálum annarra starfsmanna Evrópusambandsins, skal stofnunin, að því er varðar starfsfólk hennar, líta á tungumálin sem vísað er til í 1. mgr. 129. gr. samningsins sem tungumál Sambandsins sem vísað er til í 1. mgr. 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.
- i) Með skírskotun til 3. mgr. 79. gr. samningsins skal VII. hluti samningsins (Ákvæði um stofnanir) gilda um þessa málsgrein.
- j) Að því er varðar beitingu reglugerðar (ESB) 2019/126, skulu ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ⁽³⁾ einnig gilda um þau skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2023.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðilanna

vegna ákvörðunar nr. 109/2023 sem felur í sér ákvæði um að fella reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/126 inn í samninginn

Samningsaðilar viðurkenna að innleiðing þessarar lagagerðar er með fyrirvara um beitingu bókunar 7 um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins til handa ríkisborgara EFTA-ríkjanna á yfirráðasvæði hvers aðildaríkis Evrópusambandsins, í samræmi við 11. gr. bókunarinnar.